

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## Hestaleigur og reiðskóla

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir aðbúnað og aðkomu viðskiptavina og gesta í starfsemi hestaleigu og reiðskóla.	941/2002 7.gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfseminna.	941/2002 13.og 14.gr.	
1.3	Heilbrigðisfulltrúi getur gert kröfu um innra eftirlit í starfseminni.	941/2002 11. gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 7. gr.	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni þar sem við á, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr.	
1.6	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfseminna verði fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13. og 14.gr.	

### 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði og athafnasvæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Þar sem við á, skal vera gerði með hestagirðingu. Undirlag í gerðum skal vera lagt hentugu efni. Gerði skulu þannig hönnuð að ekki stafi af slyshætta.	941/2002 14.gr.	
2.3	Húsakynni skulu vera hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.4	Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 gr. 14.	
2.5	Viðskiptavinir og nemendur skulu eiga kost á öryggisbúnaði s.s. viðurkenndum hjálmum til útreiða.	941/2002 11. og 54. gr.	
2.6	Viðskiptavinir, nemendur og starfsfólk skulu hafa aðgang að fullnægjandi aðstöðu, t.d. búningsaðstöðu, geymslu yfirhafna, o.s.frv.	941/2002 14. gr.	
2.7	Viðskiptavinir, nemendur og starfsfólk skulu eiga greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti.	941/2002 25.gr rg. 112/2012	
2.8	Reiðtygi og annar búnaður skal yfirfarinn reglulega með tilliti til öryggis knapa.	941/2002 11. gr.	

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða svo og athafnasvæði skulu þriffin daglega eða eftir þörfum sem ræðst af notkun. Gera skal allsherjarhreingerningu minnst árlega. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.	941/2002 11. gr	
3.2	Búnaður sem viðskiptavinum og nemendum stendur til boða skal vera heill og hreinn.	941/2002 11.gr.	
3.3	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr. 14	
3.4	Loftræstikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11. og 14. Gr.	
3.5	Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu.	Lög nr. 6/2002 9.gr.	
3.6	Við framkvæmdir og viðhald skal taka tillit til eðlis starfseminnar.	941/2002 14.gr.	

### 4. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Um matvæli gilda lög nr 93/1995 um matvæli.	Lög nr. 93/1995	

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Í umgengi við dýr skal gæta varúðar þannig að hvorki hljótist af slys eða sýkingar.	941/2002 11.gr.	
5.2	Gera skal ráðstafanir til að fyrirbyggja slys og öryggisáætlun um viðbrögð skal vera til staðar. Halda skal skrá yfir slys og óhöpp sem verða í starfseminni.	941/2002 11.gr.	
5.3	Í reiðskólum og hestaleigum skal fjöldi starfsmanna vera nægjanlegur til að tryggja öryggi knapa að teknu tilliti til aldurs.	941/2002 11.gr.	
5.4	Knapar skulu nota viðurkennda hjálma.	941/2002 11.gr.	
5.5	Reiðtygi og annar búnaður skal yfirfarin reglulega með tilliti til öryggis knapa.	941/2002 11.gr.	
5.6	Hestar skulu valdir með tilliti til reynslu og aldurs knapa.	941/2002 11.gr.	
5.7	Starfsfólk skal hafa reynslu og þekkingu til að úthluta hestum, velja reiðleið og tryggja öryggi knapa.	941/2002 11.gr.	
5.8	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til.	941/2002 37.gr.	
5.9	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur og skyndihjálparbúnaður samkvæmt öryggisáætlun.	941/2002 14.gr.	

## 6. UMHVERFISMÁL


		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 14.gr og 18.gr.	
6.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs.	Rg. 737/2003	
6.3	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á lífríki.	Rg. 169/2002	
6.4	Búpening má ekki hafa í hýbýlum manna né í öðrum húsum sem til þess eru ætluð.	941/2002 19. gr.	
6.5	Farið skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg. 798/2002	
6.6	Starfsemin má ekki valda ónæði, eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrifnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	941/2002 2. og 3. gr.	
6.7	Fara skal eftir reglugerðum um meðhöndlun úrgangs og samþykktu viðkomandi sveitarfélags.	rg. 737/2003	
6.8	Hræ skal flytja til viðurkenndra móttökustöðva fyrir úrgang eða heygja á þar til leyfðum stöðum.	rg. 737/2003	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Rfnalög nr 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/1999 breytt með reglugerð nr 169/2002.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Reykjavík 26.07.2017



Kristín Linda Árnadóttir

